



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út
í jan. Efni þarf að berast í
síðasta lagi **2. jan. 2020**

JÓLA OG ÁRAMÓTAKVEÐJA.

*Sendum íbúum
Hrunamannahrepps,
sumarhúsaeigendum og öllum
viðskiptavinum
nær og fjær,
hugheilar jóla og nýárskveðjur
með þakklæti fyrir árið sem er
að líða.*

*Sveitarstjórn og starfsfólk
Hrunamannahrepps*

Des 2019
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

29. árgangur.
344.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Þá er desembermánuður runninn upp og styttist í jólin. Þetta tímabil ársins er bæði spennandi og kvíðvænlegt í senn þar sem ýmsu þarf að redda í aðdraganda jóllanna og aðstæður fólks mismunandi. Þá er alltaf gott að muna eftir okkar minnstu bræðrum hvort sem um er að ræða litla Ísland eða í hinum stóra heimi.

Varðandi annað ljós en jólaljósið þá höfum við í Hrunaljósi verið að velta fyrir okkur hvað verður um ljósleiðaravæðingu Flúða. Í sumar var ítrekuð auglýsing eftir áhugasömum aðilum að ljósleiðaravæða þéttbýlið en engin viðbrögð urðu við því. Til að þetta verkefni verði að veruleika sjáum við ekki annað en Hrunaljós verði að vaða í verkið en til þess þarf þó að innheimta hófleg tengigjöld. Verður væntanlega farið í könnun meðal íbúa og fyrirtækja á Flúðum varðandi áhuga á að tengjast þessu samfélagslega verkefni sem Hrunaljós er.

Núna er sveitarstjórn að fara að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 sem og árana 2021-2023 þar sem línurnar eru lagðar og ákveðið í hvaða verkefni farið verður í. Eins og málið lítur út núna er gert ráð fyrir að hagnaðar af rekstri sveitarfélagsins verði bærilegur en þó ekki nægilegur til að koma alfarið í veg fyrir lántökur til að fjármagna fjárfestingar. Við eigum reyndar eftir að sjá hvernig árið 2019 kemur út en útlit er fyrir að árið komi þokkalega út. Það hjálpar að verðbólgan hefur haldið kjafti og líkur eru á því að svo verði áfram á næsta ári. Helsti óvissuþáttur þessa og næsta ár eru áfram ókláraðir kjarasamningar. sem eru skemmtilega óskemmtilegar aðstæður í áætlunargerð.

Annars hefur í vinnu við fjárhagsáætlun verið reynt að taka tillit til lífskjarasamningsins og viðmið við gjaldskrárhækkanir verði almennt um 2,5%. Það er þó ekki hægt að réttlæta það í úrgangsmálunum þar sem hækkunin þarf því miður að vera 15% auk þess sem gera þarf ráð fyrir hækkun vegna hirðingu á brúnu tunnunni. Á móti má segja að það sé verið að hjálpa ákveðnum hópum í samfélaginu. Afsláttarmiðvið eldri borgara og örykja á fasteignaskatti hækka um 20%, gjaldskrá leikskólagjalds milli kl. 8-16 hækkar ekki og gjaldfrjálst verður einnig fyrir næstelsta árganginn frá og með haustönn 2020. Þá er álagningarhlutfall í A-hluta fasteignagjalda lækkað úr 0,50 í 0,49 og vatnsgjald á íbúðarhús lækkað úr 0,25 í 0,22. Þá er gert ráð fyrir að gjaldfrelsi barna verði aukið í sundlaug og íþróttahúsi þannig að gjaldfrjálst verði fyrir öll börn til og með 0-9 ára ára aldri.

Stærstu fjárfestingarverkefni næsta árs verða að undirbúa gatna- og lagnaframkvæmdir í Gröf/Laxárhlið, frágangur á bílastæði og aðgengi í kring um félagsheimilið, útbúa kennslustofur í millilofti í íþróttahúsi og flytja tækjasal niður. Þá er verið að útbúa fundarsal í Ráðhúsinu þar sem Míla var áður og í veitunum þarf að klára hús á Seyrustöðum, fara í að leggja vatnslögn upp að Kópsvatni o.fl. Síðan er stærsta spurningin með ljósleiðaravæðingu Flúða en ef íbúar og fyrirtæki þar eru klár í þetta með okkur verður vaðið í verkið.

Varðandi stærstu viðhaldsmálin þá þarf að huga að þakinu á félagsheimilinu og brunavörnum innan húss. Þá liggur fyrir að það þarf að setja upp loftræstingarkerfi í Undralandi og síðan viljum við byrja á að huga að endurnýjun á skólalóð og þá sérstaklega að aðgangsstýra og bæta aðgengi milli Undralands og Flúðaskóla. Þá eru einnig ýmis smærri verkefni því við reynum á hverju ári að leggja fé í viðhald húsnæðis því það er nauðsynlegt að fjárfesta í viðhaldi sem er alltaf fjárfesting til framtíðar og koma í veg fyrir að vandamál safnist upp.

Varðandi framkvæmdir þá er gaman að sjá að aðstöðuhúsið á Seyrustöðum er að rísa og grindin komin upp og húsið ætti að lokast fyrir jól þó lokafrágangur teygist fram á næsta ár. Þá er einnig gaman að sjá að aðgengi að kjallara í Heimalandi er orðið betra með upphitaðri innkeyrslu. Þar á reyndar eftir að koma upp betra handriði o.fl. tengdu húsnæðinu en þar sem húsið er núna líka orðið opinbert útibú frá VISS á Selfossi varðandi málefni fatlaðra er mjög til bóta að þetta sé í lagi.

Varðandi starfsmannamál þá eru að verða breytingar hjá sveitarfélaginu. Búið er ákveðið að ráða Jón G. Eiríksson í starf umsjónarmanns gámasvæðis og umhverfismála í Hrunamannahreppi og gert er ráð fyrir að hann taki formlega til starfa á nýju ári. Með þessu þarf væntanlega að breyta opnunartíma á gámasvæði og einnig skapast þarna tækifæri að sinna betur málum sem tengjast úrgangsstjórnun og umsjón með grenndarsvæðum í sveitarfélaginu sem ekki er vanþörf á. Með þessu verður breyting á gámasvæðinu þar sem Tómas Þórir hefur verið verktaki að sinna ákveðnum verkefnum þar síðustu ár og kann ég honum þakkir fyrir elju og góð störf í úrgangsmálum fyrir Hrunamannahrepp. Eins og gefur að skilja er þetta starf í mótun en vonandi verður þetta til þess að þessum málaflokki verður betur sinnt og hvet ég fólk og fyrirtæki til að hugleiða úrgangsmálin. Staðan er nefnilega sú að nú eru komnir samningar á um útflutning á úrgangi og þarf væntanlega að greiða 32 kr. + vsk á hvert kíló sem flutt er út þannig að mikilvægt er að flokka og takmarka það sem þarf að fara í útflutning.

Í tilefni jóla- og áramóta vil ég minna fólk á að athuga með reykskynjara og slökkvitæki í hýbýlum sínum. Endilega prófið því reykskynjara og athugið með dagsetningar á skoðun slökkvitækja. Hægt er að fara með slökkvitækin í yfirhalningu niður á Selfoss m.a. til Slökkvitækjajónustu Brunavarna Arnessýslu og fá rafhlöður hjá þeim í reykskynjara sér að kostnaðarlausu.

Varðandi jólin minni ég á að áramótabrenna verður á Flúðum og „þrettandabrenna“ og flugeldasýning Björgunarfélagsins Eyvindar verður laugardaginn 4. janúar 2020 á hefðbundnum tíma.

Njótum aðventunnar saman og reynum að upplifa hinn sanna jólaanda. Að lokum vil ég sérstaklega þakka öllu starfsfólki Hrunmannahrepps fyrir góð störf á árinu og sendi íbúum og gestum sveitarfélagsins mínar bestu jóla- og áramótakveðjur.

Eigum góð og gleðileg jól saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Um jól og áramót!

23-26 desember: LOKAÐ

27. des: 17:00-21:00

28-29. des: 13:00-18:00

30. des: 17:00-21:00

LOKAÐ á gamlárstag og nýársdag



Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga: 16:00-21:30. Föstudaga: 13:00-18:00

Tækjasalurinn er einnig opin um helgar ef mót eru í gangi í húsinu. Fylgist með á facebook.

Um jól og áramót!

23-26. des: LOKAÐ

27. des : 13:00-18:00, 30. des: 13:00-18:00

LOKAÐ á gamlárstag og nýársdag





Frá félagi eldri Hrunamanna 60+

Nú er þetta ár að hlaupa frá okkur og það á ógnarhraða og nýtt ár handan við hornið og trúi ég því að það verði ekki síðra en það sem er að líða.

Kjallarinn verður 3.des.

10.des. bjóða hótélhjónin Magga og Gummi öllum sem eru orðnir 67 ára og eldri í

hátíðarkaffi kl: 16, glæsilegt hjá þeim og ber að þakka.

17. des, er síðasti hittingur í kjallaranum á þessu ári.

Á næsta ári mætum við hress eftir jólahátíðina þann 7. jan. 2020.

Starfið hefur gengið vel í vetur og vel mætt á allt sem hefur

verið boðið upp á og er það gott. Vil ég endilega hvetja fólk að ganga í félagið og styrkja þetta góða starf sem fer fram hér í okkar góða sveitarfélagi.

Fyrir hönd stjórnar Magga Emils.



Leikfimi fyrir konur í Brautarholti.

Nýtt 6 vikna námskeið byrjar 7 janúar 2020 og verður tvisvar í viku; á

þriðjudögum og á fimmtudögum frá kl. 19-20. Fjölbreyttir og skemmtilegir tímar. Námskeiðið kostar 9.000:- með húsaleigu – einnig er hægt að taka hálf námskeið og kostar það þá 5000:-.

Þjálfari er Elin Moqvist, hóptíma og foamflex kennari -

Allar velkomnar.

Workouts for women in Brautarholt.

A new 6 week course starts January 7th 2020 and will be twice a week; on Tuesdays and Thursdays from. 19-20. Varied and fun times. The course costs 9,000:- with the house rent – you can also take half a course and it costs 5,000:-.

Coach is Elin Moqvist – Everybody is welcome.



Hjónaball Hrunamanna verður haldið
7. mars 2020, endilega takið daginn frá.
Hjónaballsnefndin.



Jóla­kveðja



Kaffi-Sel sendir öllum viðskiptavinum sínum ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár með kærri þökk fyrir árið sem er að líða. Við opnum fljótlega á nýju ári!

Með hátíðarkveðju

Starfsfólk Kaffi-Sels

Símar: 486-6454/846-9321/661-5935

Netfang: info@kaffisel.is



Hvatagreiðslur. Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Mínum foreldra og forráðamenn barna á aldrinum 6 – 16 ára að skila inn umsóknum um hvatagreiðslur fyrir haustönn 2019 sem allra fyrst .

Ekki verður tekið við umsóknum eftir 12. desember.



402410864 www.fotosearch.com



NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa sem fyrst þar sem börnunum er að fjölga hjá okkur.

Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda rúmlega 40 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

Menntun

Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun.

Hæfni

Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu.

Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánú samstarfi við stjórnendur leikskólans.

Launakjör

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara.

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.
Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verður litið til reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum.**

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu skólans og hjá leikskólastjóra.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir leikskólastjóri í síma 480-6620.

www.sveitir.is

Upplýsingar um ferðþjónustu og viðburði í Uppsveitunum

Flokkunarhornið.

**Brúna tunnan!!
Ef þú getur borðað það, en vilt það ekki fer
það í brúntunnuna!!**



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími 2019

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-18:00

Föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-17:00

Verið velkomin

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað - Húðhreinsun - Fótsnyrting - Handsnyrting -

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599





Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



RAFMAGNVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

Jólafundur.

Jólafundur Kvenfélags Hrunamannahrepps
verður haldinn í félagsheimilinu
þann 8.des kl. 20.



Dagskrá fundarins:
Hefðbundin fundarstörf.

Elín Jóna Traustadóttir kemur og kynnir bók sína
Tungufells faldbúningurinn.

Jólafondur, pakkaruglið okkar og fleira.



Boðið verður uppá veitingar.
Englar og jólakort SSk verða til sölu.

Við vonumst til að sjá ykkur sem flestar og eru
nýjar konur boðnar innilega velkomnar.

Kær kveðja
Stjórnin

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hölsulind í Landnámi



Frá Bókasafni Hrunamanna



Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu fyrir alla aldurshópa svo það er um að gera að kíkja á hvað biður í hillunum.

**Bókamarkaður verður á bókasafninu dagana
16. - 19. desember á opnunartíma safnsins.**

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum góðar stundir og ánægjuleg samskipti á

árinu sem er að líða.



Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600

Jól og áramót:

Þorláksmessa: 09:00-12:00

27. desember: 09:00-12:00

30. desember opið frá : 09:00-12 og 13:00-16:00

Gamlársdagur: 09:00-12:00

2.janúar:Lokað

3.janúar: Opið frá: 09-12:00



Hrunamannahreppur



Gámasvæðið á Flúðum!! Munið opnunartímanna.

Opið frá kl: 13:00-18:00 alla daga



Hreppamaðurinn.

Hreppamaður heitir blað
hendingar og ræður.

Kæru vinir kaupið það
konur, menn og bræður.



Öll 12 rit Bjarna Guðmundssonar frá
Hörgsholti eru til sölu í Þverspyrnu á 4000 kr. öll ritin.

Á jólatilboði.

Allur ágóði fer til líknarmála.

Verið velkomin.

Guðrún Þorsteinsdóttir Þverspyrnu.

Sími: 486 6735





Barnaskemmtun 2019

Barnaskemmtunin verður haldin í Félagsheimili Hrunamanna sunnudaginn 29. desember og hefst kl. 14.00.

Sr. Óskar í Hrúna kemur til okkar og svo munu Karl Hallgrímsson og fjölskylda sjá um tónlistina og leiða okkur í söng

og dans í kringum jólatréð.

Heyrst hefur að jólasveinar komi í heimsókn með gott í poka. Óskað er eftir því að komið sé með meðlæti á kaffihlaðborðið en boðið verður uppá drykkjarföng.

Aðgangseyrir eru kr. 1000 fyrir 16 ára og eldri.

Vonumst til að sem flestir sjái sér fært að koma og eiga skemmtilega jólastund.

Með kærri jólakveðju

Kvenfélag Hrunamannahrepps



Hár-Hrun

Kæru viðskiptavinir.

Nú er komið að tímamótum í rekstri Hár-Hruns á Flúðum.

Stofunni verður lokað frá og með 20. desember 2019.

Þakka góð viðskipti á liðnum áratugum.

Legg niður störf með þakklæti í huga.

Kveðja, Inga Birna



Hrunaprestakall

Kæru sveitungar.

Helgihald um hátíðarnar verður með hefðbundnu sniði eins og sjá má hér að neðan. En núna fyrir jólin, nánar tiltekið **laugardaginn 14. desember kl. 11, verður jólakirkjuskóli í Hrepphólakirkju**. Þar ætlum við að syngja jólalög, heyra jólasöguna og fá okkur síðan hressingu á eftir í safnaðarheimilinu. Alveg ljómandi uppskrift að góðum morgni fyrir alla fjölskylduna. Fyrir hönd sóknarnefndanna fjögurra vil ég síðan minna þau á sem nýta sér rafmagn fyrir leiðiskrossa í kirkjugörðunum að ganga frá greiðslum við viðkomandi kirkjugarð en nánari upplýsingar um það eru hér að neðan.

Helgihald um jól og áramót

24. desember - aðfangadagur: Guðsþjónusta á jólanótt í Stóra-Núpskirkju kl. 23.

25. desember - jóladagur: Hátíðarmessur. Hrunakirkja kl. 11 og Ólafsvallakirkja kl. 14. Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld Hrepphólakirkju kl. 22.

31. desember - gamlársdagur: Guðsþjónusta í Tungufellskirkju kl. 14 og aftansöngur í Stóra-Núpskirkju kl. 16.

5. janúar: Nýársmessu í Hrepphólakirkju kl. 11. Þjóðlegur hádegisverður á eftir.



**Sjáumst í kirkju um hátíðarnar.
Guð okkur gefi góða aðventu og gleðileg jól.**

*Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur*

Orðsending frá sóknarnefndum:

Sóknarnefndir minna á að greiða þarf fyrir hvern leiðiskross sem tengdur er rafmagni 1000 krónur. Hægt er að leggja upphæðina inn á reikning viðkomandi kirkjugarðs.

Stóri-Núpur: 0152-05-264429 kt. 491098-3339

Ólafsvellir: 0152-15-371512 kt. 490269-3399

Hruni: 0325-26-18952 kt. 640169-2229

Hrepphólar: 0325-26-9068 kt. 640169-3039





Flugeldasala



Björgunarfélagsins Eyvindar

Verður í húsi félagsins:

Laugardaginn	28. desember	kl. 13:00 - 22:00
Sunnudaginn	29. desember	kl. 13:00 - 22:00
mánudaginn	30. desember	kl. 13:00 - 22:00
þriðjudaginn	31. desember	kl. 10:00 - 16:00
sunnudaginn	5. janúar	kl. 14:00 - 20:00
mánudaginn	6. janúar	kl. 14:00 - 18:00

**Minum á flugeldasýninguna sem verður
laugardaginn 4. janúar 2020 þá verður einnig brenna.**

Hægt er að styrkja sýninguna á opnunartíma sölunnar
eða með því leggja inn reikning Eyvindar.

Kt:460100-2590 banki:0325-26-2590 bfeyvindur@simnet.is

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Með þökk fyrir stuðninginn á líðandi ári,

Björgunarfélagið Eyvindur

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slökkvitæki@babubabu.is



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Vetraropnun / Winter opening hours

Opíð fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 13-17.

Lokað mánudaga til miðvikudaga.

Open from Thursday to Sunday from 1pm to 5pm



MELUM, FLÚÐUM
HRUNAMANNAHREPP

Melum, Flúðum Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/



gg62817065 GoGraph ©

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Hrunamanna var haldin 02-Nóvember síðastliðinn. Þátttaka var mjög góð og voru 23 folöld skráð á sýninguna. Margmenni var á áhorfendabekkjunum þegar menn mættu til að bera vonarstjörnur íslenskrar hrossaræktar augum, eftir sýninguna var síðan sest saman að veglegu kaffihlaðborði og rætt um daginn og veginn. Stjórn hrossaræktarfélagsins þakkar gestum og þátttakendum sérstaklega fyrir komuna, Fóðurlöndunni og Árna ehf fyrir glæsileg verðlaun.

Daníel Larsen og Birgir Leó Ólafsson dæmdu folöldin og þökkum við þeim sérstaklega fyrir komuna.

Úrslit sýningarinnar má lesa hér að neðan:

Hestfolöld:

1. Vörður frá Hvammi 1 - IS2019188372
Ræktendur og Eigendur - Erna og Helgi
2. Spói frá Fossi - IS2019188286
Ræktandi og eigandi: Bára Másdóttir
3. Flygill frá Syðra-Langholti – IS2019188326
Ræktandi og eigandi – Sigmundur Jóhannesson
4. Andvari frá Syðra-Langholti 6 – IS2019188970
Ræktendur og eigendur –
Anna Lára Jóhannesdóttir og Sigurjón Kristinsson
5. Moli frá Sóleyjarbakka – IS2019188254
Ræktandi og eigandi – Sóleyjarbakki ehf

Merfolöld:

1. Mánadís frá Miðfelli 5
Ræktandi og Eigandi – Magnús Gunnlaugsson
2. Salka frá Syðra-Langholti IS2019288321
Ræktandi og eigandi – Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson
3. Bríet frá Fossi - IS2019288286
Ræktendur og eigendur: Bára Másdóttir og Bjarni Hjörleifsson
4. Klöpp frá Miðfelli 5
Ræktandi og eigandi – Magnús Gunnlaugsson
5. Myrra frá Syðra-Langholti
Ræktandi og eigandi – Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson

Gestaflokkur – hryssur og hestar utan félags:

1. Gríma frá Syðra-Langholti – IS2019288326
Ræktandi og eigandi – Hjörtur Snær Þorsteinsson
2. Hátign frá Ósabakka – IS20192287957
Eigandi og ræktandi - Hildur Sigurðardóttir
3. Óðrún frá Ósabakka 2 – IS2019287956
Eigandi og ræktandi - Hildur Sigurðardóttir
4. Máni frá Ósabakka, Rauðstjörnóttur.
Ræktandi og eigandi - Arndís Eiðsdóttir
5. Elmar frá Stafholti - IS2019125726
Ræktendur og eigendur –
Guðmunda Kristjánsdóttir og Páll Jóhann Pálsson

Glæsilegasta folaldið að mati áhorfenda var hryssan Salka frá Syðra-Langholti



Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

SMÁRI



Fréttir af æskulýðsstarfi Loga og Smára Námskeiðin verða nokkur á næsta ári. Öll námskeiðin verða einstaklingsmiðuð en við leggjum áherslu á mismunandi hluti í hvert sinn. Námskeið framundan:

Jan: 8.15.22.30. fimi og tölt, kennari Rósa Birna
Feb: 5.12.19.26 Smali og fjórgangur, kennari Klara Sveinbjörns
Mars: 4.11.18.25 hindrunastökk og fimmgangur, kennari Anna Kristín

Minum á æsku Suðurlands, það er sameiginleg mótaröð sem hestamannafélögin á Suðurlandi standa fyrir. Mótin verða 1. mars á Selfossi, 15. mars á Flúðum og 29. mars á Hellu, nánar auglýst síðar.

Apríl: 1,8,15,22 mynsturreið og trek sem endar á sýningu. Kennari Anna K

Apríl: Byrjendanámskeið á Húsatóftum, kennari Elin

Maí: Undirbúningur fyrir landsmót

Júní: Námskeið í Hrísholti

Júlí: námskeið í Hrísholti, kennari Kristín

Öll námskeið og viðburðir verða svo auglýst nánar þegar nær dregur. Ef einhverjar spurningar koma upp endilega hafa samband smarakrakkar@gmail.com

Jólaakveðja
stjórnin.



k16973017 www.fotosearch.com

1



2

Haustlitir, ljósmyndasamkeppni Hrunamannahrepps, var haldin í fyrsta skiptið núna á haustmánuðum. Þátttaka var undir væntingum en engu að síður komu glæsilegar myndir í keppnina. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd þakkar öllum þeim sem tóku þátt. Valin var þriggja manna dómnefnd sem skilaði niðurstöðu, hver í sínu lagi án þess að vita neitt um myndirnar. Efstu þrjár myndirnar verða prentaðar á striga og verða til sýnis í Félagsheimili Hrunamanna í eitt ár. Eftir það eignast keppendur strigann. Fyrir fyrsta sætið er einnig gjafabréf í Beco, ljósmyndavöruslun. Eftirfarandi einstaklingar lentu í efstu þremur sætunum:

1. sæti - Martin Frolich
2. sæti - Ragnheiður Guðjónsdóttir
3. sæti - Helga Einarsdóttir



3

Jólatrjáasala

Björgunarfélagsins Eyvindar



Okkar árlega jólatrjáasala verður
í húsnæði okkar að Smiðjustíg 8
á Flúðum 14. og 15.des.

Salan verður opin:
kl 13:00 til kl 18:00 laugardaginn 14.des.
kl 13:00 til kl 16:00 sunnudaginn 15.des.

Allar helstu tegundir í boði.

Hlökkum til að sjá ykkur, heitt kaffi á könnunni.

Með jólakveðju Björgunarfélagið Eyvindur